

Hólmkell Hreinsson

Til : Pétur Ingi Haraldsson
Frá : Hólmkell Hreinsson
CC : Nafnanefnd
Heiti : 2018100048 - Sunnutröð, breyting götuheita
Málsnúmer. : 2018100048
Málsaðili : Baldur Helgi Benjamínsson
Skráð dags : 16.7.2019 12:19:54
Höfundur : Hólmkell Hreinsson

Viðhengi

[image001.jpg](#)

Heill og sæll Pétur Ingi.

Nafnanefnd hefur tekið fyrir erindi frá Skipulagsráði dagsett þann 29. júní síðastliðinn, þar sem óskað er eftir tillögum frá nefndinni að nýju nafni á götunni Sunnutröð á Akureyri.

Nefndin hefur rætt þetta mál og eru samskipti nefndarinnar vistuð undir málsnúmerinu 2018100048 í skjalakerfi Akureyrarbæjar.

Nefndin leggur til þrjú nöfn:

- Búðargil
- Búðartröð
- Höfðatröð

Nöfnin sem hafa stofninn "Búðar" vísa til þess að gatan stendur á barmi Búðargils. Eftir Búðargili rennur Búðarlækur og við hann er kennd Lækjargata.

Hinumegin gilsins stendur svo Búðarhöfði sem Höfðagata vísar til.

Aftur á móti er ekkert götuheiti sem vísar til örnefnisins "Búðargil" sem er að hverfa úr máli manna hér í bænum og eru því tvær fyrri tillögurnar með það sem stofn.

Búðargil er æ oftast nefnt Lækjargil í máli manna, þar sem Lækjargata liggur eftir gilinu en nafn hennar vísar til Búðarlækjarins en ekki gilsins.

Þetta gamla örnefni er þannig óðum að gleymast en til að þrjóskast gegn þeirri ófugþróun mælir nafnanefndin eindregið með því að Búðargil leysi Sunnutröð af hólmi.

Bestu kveðjur
fyrir hönd Nafnanefndar
Hólmkell Hreinsson



[Fyrirvari / disclaimer](#)